

Þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

8. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

9. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 23. ágúst 1973.

Halldór E. Sigurðsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

S A M Þ Y K K T

fyrir Veiðifélag Deildarár.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Deildarár. Heimili þess og varnarþing er í Hofshreppi í Skagafjarðarsýslu.

2. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Deildará í Skagafjarðarsýslu, en þær eru Grindur, Brúarland, Eyrarland, Kambur, Tungufell, Háleggsstaðir, Skugga-
björg, Stafnshóll, Gröf, Grafargerði, Ártún og Nýlenda.

3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu og ráðstafa veiði eftir því, sem aðalfundur ákveður hverju sinni. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa þrír menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á vixl þannig, að formaður gengur úr eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár og hinn eftir þrjú ár, og helst svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagismaður getur skorast undan endurkosningu, nema sérstök förföll hamli, eða hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið, og hinir hitt.

5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Henni er heimilt að ráða menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf

á hverjum tíma, og semur um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

6. gr.

Aðalfund skal halda í marsmánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

8. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

9. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 23. ágúst 1973.

Halldór E. Sigurðsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

SAMÞYKKTIR

fyrir Veiðifélag Langár og Urriðaár, Mýrasýslu.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Langár og Urriðaár. Heimili þess og varnarþing er í Mýrasýslu.

2. gr.

Félagið tekur til allra jarða, sem land eiga að Langá og Urriðaá, en félagssvæðið er frá ósi í sjó að miðlunarstíflu við Langavatn, öll Urriðaá, svo og fiskgengir lækir, sem í þessi vötn falla. Jarðir þær, sem lönd eiga að Langá, eru: Í Borgarhreppi: Rauðanes, Ánabrekka, Jarðlangsstaðir, Stangarholt, Litla-Fjall og Borgarhreppur. Í Álftaneshreppi: Grenjar, Hvítstaðir, Árbær, Háhóll, Langárfoss, Leirulækur, Lambastaðir og Álftaneshreppur. Auk fimm ofantaldra jarða í Álftaneshreppi eiga lönd að Urriðaá: Smiðjuhóll, Urriðaá, Valshamar, Álftártungukot og Grímsstaðir.

3. gr.

Verkefni félagsins og deilda þess, sem eru Langárdeild og Urriðaárdeild, er að stunda fiskrækt og viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðunum og ráðstafa veiði á þann hátt, sem aðalfundur ákveður, sbr. þó 44. grein laga nr. 76/1970, um lax- og